

Ályktun frá fundi framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands 26. febrúar 2014



Um leið og framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands tekur undir gagnrýni fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga um fyrirhugaðan niðurskurð hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, vill stjórnin mótmæla þeirri rangtúlkun sem fram kemur í ályktuninni, að hjúkrunarfræðingar einir beri uppi alla heimahjúkrun heilsugæslunnar.

Hjá Heilsugæslunni starfa tugir sjúkraliða sem sinna hjúkrun í heimahúsum vítt og breytt um borgina. Án þeirra legðist heimahjúkrunin að stórum hluta niður. Menntun sjúkraliða nýtist mjög vel við þessi störf enda hefur þeim farið fjölgandi ár frá ári.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar SLFÍ
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður